

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfirði

Stykkishólmi 2. desember 2025

Efni: Deiliskipulag Framness austan við Nesveg

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagskynningu vegna deiliskipulags Framness austan við Nesveg í Grundarfirði.

Breiðafjarðarnefnd gerði tillögu í umsögn sinni frá 23.11.2023 þar sem hún lagði til að breyta stærð landfyllingar. Í svari Grundarfjarðarbæjar við tillögu nefndarinnar er sett fram að „það [sé] mat Grundarfjarðarbæjar að æskilegt sé fyrir þróun hafnarinnar að halda í þá stefnu um afmörkun landfyllingar sem er í gildandi aðalskipulagi Grundarfjarðar og gildandi deiliskipulagi (frá 2008), og endurskoðað deiliskipulag miðar við.“¹

Þrátt fyrir lögmæti landfyllingar leggur Breiðafjarðarnefnd til að umfang hennar verði minnkað, í samræmi við tillögu nefndarinnar frá 2023.

Í umsögn nefndarinnar frá 2023 kemur fram að þangfjara, sem hverfi undir landfyllingu, er um 60 metra löng og 1.600 fermetra að stærð. Nefndin sýndi, með loftmyndum, að fjaran við Framnes hefur ekki orðið fyrir efnislegum breytingum og að hún sé náttúruleg. Fjaran er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.²

Með því að minnka landfyllinguna yrði tekið mið af því að vernda náttúrulegar vistgerðir við norðanmörk skipulagsvæðisins, sem hafa mjög hátt verndargildi.³

Nefndin bendir á aðalskipulag sveitarfélagsins. Kafli 5.1 – Landslag, lífríki og minjar setur fram að sveitarfélagið hefur að markmiði að Grundarfjörður „verði vörður um merkileg og viðkvæm búsvæði fugla og gróðurs til að viðhalda heilbrigði vistkerfa og líffræðilegri fjölbreytni.“⁴ Tillaga Breiðafjarðarnefndar undirstrikar þessi markmið sveitarfélagsins.

Breiðafjarðarnefnd telur að tillaga hennar hafi ekki áhrif á helstu markmið deiliskipulagsins, nema markmiðsins um að auka svigrúm fyrir hafnsækna starfsemi á hafnarsvæðinu.⁵ Umrætt svæði við Framnes er skráð sem þróunarsvæði í deiliskipulagstillögu og ekki liggur fyrir hvernig það verði nýtt. Nefndin bendir á að jafnframt er í undirbúningi landfylling á öðrum stað stutt frá þar sem gert er ráð fyrir að stækka hafnarsvæðið um 51.000 fermetra.⁶

Breiðafjarðarnefnd er ekki á lista valinna umsagnaraðila, en í ljósi staðsetningar skipulagstillögunnar telur hún að hún eigi að vera á þeim lista.

¹ Grundarfjarðarbær. (2024). *Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir hafnarsvæði norður -Samantekt umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim Lagt fyrir fund skipulags- og umhverfisnefndar 29. desember 2023, staðfest af bæjarstjórn 11. janúar 2024*; bls. 6-7.

² Breiðafjarðarnefnd. (23.11.2023). *Umsögn vegna hafnarsvæði norður*. Hlekkur hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/703>

³ Náttúrufræðistofnun. (2025). *Klóbangs fjörur*. <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/klohangsfjorur>

⁴ Grundarfjarðarbær. (2019). *Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019- 2039*; bls. 86.

⁵ Grundarfjarðarbær. (29.09.2025). *Framnes austan við Nesveg - Deiliskipulag*; bls. 5.

⁶ Grunda. (09.09.2025). *Deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar – Skipulagslýsing*. <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1420>

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi náttúrulegra vistgerða Breiðafjarðar og telur æskilegt að vernda þær innan skipulagssvæðis við Framnes. Þetta á sérstaklega við í ljósi þess að fyrirhuguð er stækkun hafnarsvæðis á örðum stað um 51.000 fermetra. Stækkunin við Framnes nemur um 3.000 fermetra og einungis helmingur hennar þyrfti að falla brott, skv. tillögu Breiðafjarðarnefndar, til að tryggja náttúrulegu lífríki svæðisins rými til framtíðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar